



STEFNA

2022



Tækniminjasafn
Austurlands

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
ný safnastefna.....	3
Viðurkennt safn	3
Saga safnsins.....	4
Áföll safnsins.....	4
Nýtt upphaf.....	5
Framtíðarsýn.....	6
Hlutverk	6
leiðarljós	6
Söfnunarstefna	7
Aðfangagerðir	7
Munnlegar heimildir	8
Ljósmyndir	8
Skjöl	8
Söfnunarflokkar	8
Tæknivæðing samfélagsins.....	8
Ritsíminn.....	8
Trésmíði - húsagerð.....	8
Járn og vélsmíði	8
Ljósmyndun	9
Menningar- og félagsstarf	9
Maður og náttúra	9
Skráning	9
Varðveislu-og grisjunarstefna.....	9
Miðlunarstefna	10
Sýningar	10
Fræðsla	11
Stafræn miðlun	11
Verkstæði/aðstaða	11
Viðburðir.....	11
Innra starf	12
Rekstur og fjármögnun	12
Uppbygging.....	12
Að lokinni uppbyggingu	12
Mannauður	13
Sjálfbærni og umhverfismál.....	13
Samfélag og samstarf	13
Markaðs- og kynningarmál	13



INNGANGUR

NÝ SAFNASTEFNA

Stefna sú sem hér kemur á eftir er gerð við mikil tímamót í starfi Tækniminjasafns Austurlands og er ætlað að vera leiðarljós við uppbyggingu þess og endurreisn. Hún er til fjögurra ára og mikilvægt er að þeim tíma liðnum að hún verði endurskoðuð út frá þeim forsendum sem safnið býr við þá.

Stefnan er í þremur meginhlutum, söfnunarstefna, miðlunarstefna og innra starf auk þess sem stuttlega er farið yfir sögu safnsins, sagt frá stefnumörkunarferlinu og framtíðarsýn, gildi, hlutverk og markmið eru listuð upp. Sumum þáttum stefnunnar (s.s. safnfræðslu og að starfrækja verkstæði/fjölnotarými) verður ekki hægt að framfylgja að fullu á meðan á endurbyggingu stendur, en eru samt settir hér fram til að þjóna sem leiðarvísir fyrir framtíðarstarfsemi Tækniminjasafnsins.

VIÐURKENNT SAFN

Tækniminjasafn Austurlands hefur viðurkenningu safnráðs sem viðurkennt safn og starfar því í samræmi við safnalög nr. 141/2011 og skilyrði viðurkenningar. Einnig fylgir það siðareglum og faglegum viðmiðum sem ICOM, Alþjóðaráð safna, hefur sett. Sumarið 2022 samþykkti Allsherjarþing ICOM nýja safnaskilgreiningu sem hljómar svo í óstaðfestri þýðingu og er leitast við að starfsemi Tækniminjasafnsins sé í samræmi við hana eins og kostur er:

Safn er óhagnaðardrífín og varanleg stofnun í þjónustu við samfélagið sem rannsakar, safnar, varðveitir, túlkar og sýnir áþreifanlegan og óáþreifanlegan arf. Söfn stuðla að fjölbreytileika og sjálfbærni með því að vera opin almenningi, aðgengileg og inngildandi. Þau starfa og miðla á siðferðislegan og faglegan hátt með þátttöku ýmissa hópa samfélagsins og bjóða upp á fjölbreytta upplifun í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingar.

SAGA SAFNSINS

Tækniminjasafn Austurlands var formlega stofnað árið 1984 en fyrsta sýning þess var opnuð á 100 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1995. Safnið fjallaði um þann hluta Íslandssögunnar sem snýr að tæknivæðingu landsins frá um 1880 til dagsins í dag. Markmiðið var að safna, varðveita, skrá og sýna verkunnáttu, muni, minjar og frásagnir sem hafa gildi fyrir sögu tækniþróunar á starfssvæði þess.

Tækniminjasafnið sýndi hvernig tæknibreytingar sem snúa að véltækni, rafmagni, fjarskiptum, samgöngum og byggingalist voru samofnar breytingum á lifnaðarháttum og umhverfi. Safnið var staðsett á Búðareyrinni eða svokallaðri Wathnestorfu á Seyðisfirði en þar var að finna hús sem spiluðu stór hlutverk í tækniminjasögu landsins. Þar á meðal var Wathneshús, Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar, Skipasmíðastöðin og Angró.



ÁFÖLL SAFNSINS

Þann 18. desember 2020 féll stór aurskriða á Seyðisfirði sem tók með sér fjölda húsa, þ. á m. stóran hluta af húsum safnsins og skemmdi önnur. Mikið tjón varð á safnkostinum, stór hluti af honum gjöreyðilagðist en öðru var hægt að bjarga. Safnið hefur því þurft að endurhugsa alla þætti, hvort heldur staðsetningu, húsnæði, rekstur, stefnu, sýningar, miðlun og fræðslu. Fyrri stefna safnsins var gefin út árið 2002 og bar heitið *Tækniminjasafn Austurlands. Seyðisfjörður – vagma tækninnar á Íslandi*. Fyrir skriðuföll var hafin vinna við endurskoðun á stefnunni og óhætt að segja að allar forsendur hafi breyst eftir aurskriðuna.



NÝTT UPPHAF

Stefnan var unnin af vinnuhópi sem í sátu þau Lilja Árnadóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Elsa Guðný Björgvinsdóttir frá Minjasafni Austurlands, Vilhjálmur Jónsson fulltrúi Múlaþings, Tinna Halldórsdóttir frá Austurbrú, Skúli Vignisson stjórnarformaður safnsins og safnstjóri Zuhaitz Akizu og í hans forföllum, Jónína Brynjólfssdóttir. Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir stýrði stefnumótunavinnunni.

Hópurinn hittist reglulega á vinnslutíma en auk þess voru haldnar þrjár vinnustofur. Sú fyrsta í júní 2021 á Seyðisfirði þar sem vinnuhópur, stjórn, starfsmenn og ýmsir aðilar innan fjarðar og utan tóku þátt. Þá var minni vinnustofa haldin í byrjun desember sama ár þar sem vinnuhópurinn auk starfsmanna og þeim Ágústu Kristófersdóttur og Freyju Hlíðkvist Ómars-Sesseljudóttur frá Þjóðminjasafninu lögðu drög að söfnunarstefnu. Að lokum var í janúar 2022 haldin rafræn vinnustofa þar sem þau Bergur Ebbi framtíðarfræðingur, Katrín Ólína hönnuður og Sigrún Kristjánsdóttir safnafræðingur komu með erindi sem tengdust miðlunarmöguleikum.

Á alþjóðlega safnadaginn, 18. maí 2022, blés safnið til fjölmenns kaffisamsætis á Hótel Öldu þar sem stefnudrögin og framtíðaráætlanir safnsins voru kynntar fyrir Seyðisfirðingum.

Hér á eftir er ný safnastefna Tækniminjasafns Austurlands sem tekur tillit til hins nýja veruleika og er ætlað að verða grunnur að endurreistu, framsæknu og eftirsóttu safni. Stefnt er að því að byggja upp lifandi safn með fjölbreyttum sýningum, viðburðum, verkstæðum og vinnustofum, sem verður ómissandi viðkomustaður gesta Seyðisfjarðar í framtíðinni, en um leið í nánú sambandi og samtali við heimamenn.



FRAMTÍÐARSÝN

- Tæknimínjasafn Austurlands er lifandi safn með fjölbreyttum sýningum, viðburðum, verkstæðum og vinnustofum.
- Safnið býður upp á sterka, forvitnilega og gagnvirka upplifun sem miðlað er í gegnum sögur. Það vekur forvitni og kveikir spurningar, fræðir og hefur áhrif í samfélaginu.
- Það verður ómissandi viðkomustaður gesta Seyðisfjarðar í framtíðinni og jafnframt í nánnum tengslum við nærsamfélag sitt, vinnur með því og fyrir það.

HLUTVERK

- Að varðveita, rannsaka og miðla verkunnáttu, munum, minjum og frásögnum sem hafa gildi fyrir sögu tæknipróunar og áhrif hennar á samfélag á Seyðisfirði.
- Að vera virkur og mikilvægur hluti af menningarlífi og ferðaþjónustu á Seyðisfirði.
- Að skapa grundvöll fyrir og stuðla að samtali við og milli mismunandi hópa samfélagsins.

LEIÐARLJÓS

- Fagmennska og sanngildi.
- Sjálfbærni og umhverfisvitund .
- Inngilding og gestrisni
- Þátttaka gesta og fræðandi skemmtun



SÖFNUNARSTEFNA

Ný söfnunarstefna Tæknimínjasafnsins tekur mið af fyrirhugaðri starfsemi þess. Hún tekur bæði til eiginlegar söfnunar sem fylgir fyllstu skilyrðum um safngripi en einnig til gripa og muna sem notaðir verða sem leikmunir (fyrir sýningar, safnfræðslu, til nota á verkstæðum, til listsköpunar o.s.frv.)

Við söfnun og meðferð gripa er siðareglum Alþjóðaráðs safna – ICOM og safnalögum nr. 141/22011 fylgt.

Tæknimínjasafnið safnar munum og heimildum um seyðfirsku sögu með áherslu á tækniframfarir- og nýjungar. Sérstök áhersla er lögð á að safna munum og heimildum er varpa ljósi á umbreytinguna úr hefðbundnu sveitasamfélagi í tæknivætt borgarasamfélag á áratugunum í kringum aldamótin 1900.

Varðandi söfnunarflokka sem ekki eru taldir hér upp er gert ráð fyrir góðu samstarfi við önnur söfn, austfirsk og á landsvísi og gripum vísað þangað eftir atvikum.

Ekki skal tekið við munum sé ekki hægt að tryggja viðunandi skráningu þeirra og varðveislu.

Ekki er tekið við munum sem fylgja kvaðir.

Söfnunarstefnan skiptist í fjóra hluta, gerð er grein fyrir helstu aðfangagerðum, þá eru söfnunarflokkar og afmörkun þess talin upp, skráningaraðferðir skýrðar og að lokum rætt um varðveislu og grisjun.

AÐFANGAGERÐIR

Aðföng safna eru af ýmsum gerðum, ekki aðeins gripir/munir. Um þá flokka fer sem hér segir:

MUNIR

Sérkenni mínjasafna er söfnun þess á efnislegum heimildum og þrívíðum munum. Tæknimínjasafnið tekur við munum er uppfylla skilyrði söfnunarstefnu þess og það getur tryggt viðunandi varðveislu og meðferð á.

Einnig tekur það við, eftir atvikum, við notkunargripum sem ekki fá skráningu sem eiginlegir safngripir heldur er ætlað að nýta við sýningagerð, fræðslustarf og listsköpun. Gefanda gripsins skal gerð grein fyrir í upphafi hvort hann skuli skráður sem safngripur eða notkunargripur.

MUNNLEGAR HEIMILDIR

Auk hefðbundinna muna leggur safnið áherslu á markvissa söfnun munnlegra heimilda er varða eftirtalda söfnunarflokka og sögu Seyðisfjarðar almennt með viðtölum, könnunum og spurningaskrá. Notast verður við viðurkennda aðferðafræði Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands og leitast við að koma á formlegu samstarfi við Þjóðháttasafnið.

LJÓSMYNDIR

Samstarf er við Ljósmyndasafn Austurlands/Héraðsskjalasafn Austfirðinga um söfnun, skráningu og varðveislu ljósmynda eins og kveðið er á um í samstarfssamningi.

SKJÖL

Skjölum er allajafna vísað til Héraðsskjalasafns Austfirðinga til varðveislu en gott og formgert samstarf skal vera milli Tækniminjasafnsins og Héraðsskjalasafnsins þar að lúti.

SÖFNUNARFLOKKAR

TÆKNIVÆÐING SAMFÉLAGSINS

Landfræðileg afmörkun: Seyðisfjörður

Tímabil: Áratuginir í kringum aldamótin 1900.

Tækniminjasafnið leggur áherslu á að safna gripum er tengjast tæknivæðingu og nútímavæðingu seyðfirsks samfélags á áratugunum í kringum aldamótin 1900. Það safnar seyðfirsks tækninýjungum og sýnishornum af munum er varpa ljósi á tæknilega þróun í atvinnuháttum og heimilishaldi. Söfnunin skal hafa að leiðarljósi að gripirnir gætu nýst fyrir mögulegar sýningar og safnfræðsluverkefni.

RITSÍMINN

Landfræðileg afmörkun: landið allt

Tímabil: 1900-1973, saga ritsímans sem slíks.

Koma ritsímans til Íslands, rekstur símstöðvar á Seyðisfirði og lagning símalínunnar frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, saga, afleiðingar og áhrif er ein af grunnstoðum Tækniminjasafnsins. Því er safnað munum og hvers kyns heimildum því tengdu. Söfnunin tekur til alls landsins. Einnig er safnað munum og munnlegum heimildum er varða rekstur símstöðvar á Seyðisfirði til 1973, á meðan hún var til húsa í Wathne húsinu.

TRÉSMÍÐI - HÚSAGERÐ

Landfræðileg afmörkun: Seyðisfjörður

Tímabil: 1880-1930

Safnað er munum og gripum er tengjast byggingararfi Seyðisfjarðar og norsku katalóghúsunum.

Einnig er safnað eldri verkfærum (hurðum/gluggum/varahlutum) er geta nýst á trésmíðaverkstæði sem ekki fá skráningu sem safngripir.

JÁRN OG VÉLSMÍÐI

Landfræðileg afmörkun: Seyðisfjörður (með undantekningum annars staðar frá)

Tímabil: 1906 -1990

Munum og hvers kyns heimildum er varða sögu og starfsemi Vjelsmiðju Jóhanns Hanssonar, síðar Vélsmiðju Seyðisfjarðar, og annarrar sambærilegrar atvinnustarfsemi í firðinum, er safnað.

LJÓSMYNDUN

Landfræðileg afmörkun: Seyðisfjörður

Tímabil: 1880-1920

Safnað er munum og heimildum er varpa ljósi á upphaf og þróun ljósmyndunartækni, sem og rekstur ljósmyndastofa á Seyðisfirði á fyrstu áratugum kaupstaðarins. Lögð er áhersla á þátt kvenna í seyðifirskri ljósmyndun.

Notkunargripum er einnig safnað eftir föngum.

MENNINGAR- OG FÉLAGSSTARF

Landfræðileg afmörkun: Seyðisfjörður

Tímabil: Frá 1870 og til dagsins í dag.

Safnað er sýnishornun af munum, ljósmyndum og heimildum er tengjast seyðifirsku menningar- og félagsstarfi.

MAÐUR OG NÁTTÚRA

Landfræðileg afmörkun: Seyðisfjörður

Tímabil: Frá upphafi byggðar til dagsins í dag

Safnað er munum og heimildum er varða samband manns og náttúru í þröngum firði eins og Seyðisfirði. Efst á baugi eru heimildir og munir er tengjast ofanflóðum og samgöngum yfir Fjarðarheiði.

SKRÁNING

Notast er við menningarsögulega gagnagrunninn Sarp við skráningu safnmuna og reglum hans um skráningu fylgt. Leitast skal við að hafa skráningu eins ítarlega og faglega og hægt er.

Starfsmenn safnsins skulu hafa þekkingu á meðhöndlun safngripa og njóta reglulegrar fræðslu um fyrirbyggjandi forvörslu og skráningu gripa.

Um söfnun muna sem falla utan stefnu þessarar skal vera samráð við önnur söfn á Austurlandi eða á Íslandi, eftir atvikum.

VARÐVEISLU-OG GRISJUNARSTEFNA

Safnið fylgir siðareglum ICOM og landslögum um varðveislu safnkosts síns og grisjun. Á 211. fundi safnaráðs í mars 2022 var ný varðveislu- og grisjunarstefna Tæknimínjasafns Austurlands samþykkt og staðfest og vísast til hennar [hér](#).

Safnið hefur, í kjölfar skriðufallanna, aðeins bráðabirgðahúsnæði til umráða undir safngripi sína. Húsnæði sem ekki uppfyllir þau ríku skilyrði sem gerð eru til varðveisluhúsnæðis viðurkenndra safna. Því skal það vera í forgangi að safnið fái til umráða eða eignist húsnæði sem uppfyllir a.m.k. lágmarks varðveisluskilyrði utan skilgreind hættusvæðis vegna ofanflóða.

Safnið tekur þátt í sameiginlegu verkefni austfirskra safna um sameiginlegt varðveisluhúsnæði í landshlutanum.



MIÐLUNARSTEFNA

Tækniminasafn Austurlands er lifandi safn sem leggur áherslu á viðhald verkþekkingar og þátttökuvirkni gesta og á miðlun óápreifanlegs menningararfs. Það er skapandi, fræðandi og gefandi í sinni miðlun. Það talar til ólíkra markhópa og hugar að aðgengi fyrir alla. Í miðlun sinni hefur það sjálfbærni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

SÝNINGAR

Sýningar safnsins eru gagnvirkar og bjóða upp á þátttöku gesta svo þær skilji eftir sig sterka upplifun. Þær taka mið af ólíkum markhópum og ávallt er leitast við að huga að þörfum yngstu gestanna við sýningargerð. Huga skal að aðgengi fyrir alla við gerð sýninga.

Markmið:

- Sýningar byggja á sanngildi og er ætlað auka vísýni, fræða og skemmta.
- Grunnýning safnsins fjallar um tæknivæðingu seyðfirskis samfélags með tilvísun í stærra samhengi, bæði í fortíð og nútíð.
- Tímabundnar sýningar eru settar upp reglulega.
- Leitast verður eftir samstarfi við önnur söfn, menningarstofnanir, listamenn og fræðimenn við gerð sýninga.
- Áhersla skal á að miðla fjölbreytileika seyðfirskis samfélags.
- Sérstaklega skal huga að því að safnið fjalli um þátt kvenna við sýningargerð og framsetningu á efni.
- Við gerð sýninga, fræðsluefnis og viðburðahald skal samhliða hugað að tengingu við safnfræðslu fyrir ólíka þjóðfélagshópa.
- Við gerð sýninga skal hugað að sjálfbærni og lágmarka kolefnisspor eins og kostur er.

FRÆÐSLA

Tækniminjasafnið sinnir menntunar- og fræðsluhlutverki sínu af kostgæfni. Áhersla er á gott og virkt samstarf við nærsamfélagið. Safnfræðsla er í boði fyrir austfirsku skóla, mennta- og fræðastofnanir.

Markmið:

- Fræðsla byggir á þáttökuvirkni með áherslu á upplifun og skemmtun
- Horfa skal til þess að fræðsla hafi sérstöðu og sé ekki í samkeppni við kennslufni sem finna má annarsstaðar.
- Fræðsla skal taka mið af aukinni vitund um jafnrétti og sjálfbærni/umhverfismál í samræmi við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna
- Horfa skal til aðalánámskráa mismunandi skólastiga við gerð fræðslufnis.

STAFRÆN MIÐLUN

Safnið nýtir sér stafræna tækni til miðlunar. Sýningar skulu hannaðar með það í huga að hægt sé að miðla efni þeirra á heimasíðu safnsins.

Samfélagsmiðlar eru ekki eingöngu nýttir sem markaðs- og kynningartæki heldur einnig við miðlun fróðleiks í tengslum við safnastarfið.

Heimasíðan skal vera á íslensku og ensku. Gera skal sérstaka áætlun um rafræna miðlun á vef og samfélagsmiðlum.

VERKSTÆÐI/AÐSTAÐA

Á safninu verður aðstaða til að bjóða upp á námskeið, viðburði og vinnustofur er tengjast viðfangsefnum safnastarfsins.

Einn af grunnþáttum safnastarfsins er viðhald eldri verkþekkingar og miðlun hins óáþreifanlega menningararfs.

Vegna núverandi stöðu safnsins þarf frekari útfærsla þessa þáttar í safnastarfinu að bíða.

VIÐBURÐIR

Tækniminjasafnið er hluti af nærsamfélagi sínu og mikilvægur partur af austfirsku menningarlífi. Með eigin viðburðahaldi, sem og þátttöku í viðburðum annarra eykst m.a. sýnileiki safnsins út á við, starfi þess er miðlað og boðið upp á vettvang til fræðslu og skemmtunar.

Safnið gerir árlega viðburðaáætlun.



INNRA STARF

REKSTUR OG FJÁRMÖGNUN

Safnið stendur á miklum tímamótum þar sem kostnaðarsöm, margbætt og krefjandi uppbygging er fram undan. Því má skipta þessum kafla í tvennt, annars vegar hvernig fjármögnun uppbyggingar verði tryggð og hins vegar er mikilvægt að tryggja að safnið verði sjálfbært rekstrarlega að uppbyggingu lokinni.

UPPBYGGING

Enn er óljós kostnaður við flytja safnið á nýjan stað stað, hönnun og framkvæmdir við húsnæði, kaup á innanstokksmunum og uppsetningu nýrra sýninga. Eftir skriðuföllin fengust tryggingabætur sem verða nýttar til fjárfestinga en ljóst er að það fjármagn mun ekki duga til. Aðkoma sveitarfélagsins Múlapings og ríkisvalds er því mikilvæg auk þess sem æskilegt er að kanna hvort að safnið geti fengið bakhjarla úr einkageiranum til að styðja við uppbygginguna. Í fremstu lög skal forðast að skuldsetja safnið til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu, það mun hafa verulega neikvæða afleiðingar á rekstur þess til framtíðar.

Mikilvægt er að tryggja rekstrarfé á meðan á uppbyggingarfasa stendur á meðan að öflun sértekna er mjög takmörkuð. Múlaping og ríkisvaldið spila þar lykilhlutverk.

AÐ LOKINNI UPPBYGGINGU

Sjálfbærni í rekstri er grundvallaratriði fyrir framtíð safnsins svo það geti eflst og dafnað. Gera þarf langtímasamning við sveitarfélagið og afla nægilegra sértekna til að grunnreksturinn sé tryggður. Sérverkefni verða fjármögnuð einna helst með styrktarfé úr innlendum og erlendum sjóðum.

Tækniminjasafnið er rekið sem félagasamstök en með samþykka stofnskrá sem sjálfseignarstofnun í umsjá sveitarfélags. Rétt er að rýna og jafnvel endurskoða rekstrarformið í samhengi við mögulegar breytingar innan hins tiltölulega nýsameinaðar Múlapings og á menningarstofnunum þess.

MANNAUÐUR

Tækniminjasafn Austurlands er skemmtilegur og metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á starfsánægju, sköpun og fagmennsku. Starfsfólk kemur fram hvort við annað af virðingu og á jafningjagrundvelli. Áhersla og ábyrgð allra er á að skapa góðan starfsanda, góð samskipti og samstarf.

Starfsfólk safnsins er hæft, áhugasamt og ánægt í starfi, axlar ábyrgð, sýnir frumkvæði og hefur metnað til að byggja upp og reka framúrskarandi safn. Það hefur möguleika á að efla og þróa sig í starfi með þjálfun og fræðslu.

Stjórnendur og starfsfólk skulu í sameiningu gera og samþykkja stefnu í mannauðsmálum, eineltisáætlun og símenntunaráætlun.

SJÁLFBÆRNI OG UMHVERFISMÁL

Tækniminjasafnið vill vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og taka mið af sjálfbærri þróun í öllum hliðum safnastarfsins. Það leggur upp með orkusparnað, sjálfbærni í stjórnun og að auka vitund almennings um umhverfismál. Það skal gera og uppfæra reglulega markvissa aðgerðaráætlun til að svo verði.

Úrgangi og sorpi verður haldið í lágmarki, endurnýting og uppvinnsla hráefna verður höfð að leiðarljósi og nýtt húsnæði verður vel einangrað til að hindra orkutap og tryggja safnkosti öruggar varðveisluaðstæður sem uppfylla kröfur þar að lútandi. Umhverfissjónarmið verða höfð að leiðarljósi við innkaup, uppsetningu sýninga og viðburðahald eftir því sem við verður komið.

Safnið skal jafnframt, í gegnum miðlun sína, uppfræða og stuðla að samtali gesta sinna um sjálfbærni og umhverfismál.

SAMFÉLAG OG SAMSTARF

Tækniminjasafnið starfar á Seyðisfirði og leggur mikið upp úr að vera í góðum samskiptum og samtali við sitt nærsamfélag og einstaklinga, hópa og félög innan þess.

Tækniminjasafnið styrkir einnig samband sitt og samstarf innan íslenska safnageirans, við austfirska ferðapjónustu og íbúa Austurlands.

Safnið kortleggur samstarfsmöguleika sína og mögulega samstarfsaðila innan fjarðar og utan reglulega.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Safnið skal ætíð markaðssett og kynnt í samræmi við gildi þess og sýn. Markaðssetning þess skal vera til að vekja athygli og áhuga á öllum hliðum safnastarfsins, draga að gesti á sýningar þess og viðburði, og eiga í samtali við ólíka hópa.

Stefnt er að samvinnu við önnur austfirsk söfn og menningarstofnanir, sem og Austurbrú, um markaðsmál.

Safnið skal vera virkt á samfélagsmiðlum og vefur þess fullur af fróðleik og skemmtun.

Gera skal kynningar- og markaðsáætlun árlega.

